

Truenorth Nordic  
Fiskislóð 31A  
101 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2024  
UST202406-105/P.V.B.  
09.08.02

### Efni: Leyfi til aksturs utan vega Stóra Sandvík

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Truenorth Nordic, dagsett 10. júní 2024, um leyfi til aksturs utan vega við Stóru Sandvík.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er óheimilt að aka vélknúnum ökutækjum utan vega. Umhverfisstofnun er heimilt, ef nauðsyn krefur, að veita leyfi til þess að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna kvikmyndagerðar, ef ekki er unnt að vinna viðkomandi störf á annan hátt, sbr. 3. ml. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

#### Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að keyra utan vega í fjörunni Stóru Sandvík á Reykjanesi til að koma fyrir leikmynd og leikmunum. Kort sem sýnir hvaða leið verður keyrð fylgdi með umsókn. Um væri að ræða sexhjól, vörubíla og kranabíll eða vörubíll með krana. Undirbúningur hæfist 10. júní og frágangi á svæðinu lyki 18. júní 2024.

#### Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni líklegt til að hafa staðbundið rask í för með sér og tímabundin neikvæð áhrif á náttúrufar og ásýnd svæðisins. Mat Umhverfisstofnunar er að raskið sé að fullu afturkræft í fjörunni sé farið að skilyrðum leyfisins og eingöngu keyrt á ógrónnu svæði.

#### Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Truenorth Nordic fyrir sitt leyti leyfi fyrir akstri utan vega sbr. lýsingu hér að ofan 10.18. júní 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Koma skal fyrir merkingum á tökustað um að leyfi fyrir verkefninu hafi fengist hjá Umhverfisstofnun.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.

- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast, sem stuðlar að náttúrulegu útliti og um leið afmá öll ummerki kvikmyndatökunar.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að aksturinn valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Til að koma í veg fyrir að kvikmyndin/auglýsingin hvetji til utan vega aksturs þá er óheimilt að sýna ökutæki aka utan vegar.
- Einungis skal aka tækjunum að tókustað og eftir þeirri leið sem skilgreind var í verklýsingu. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Aðrar bifreiðar en þær sem óskað er eftir leyfi til að keyra utan vega vegna kvikmyndatökunar er ekki heimilt að keyra utan vega.
- Takmarka skal akstur farartækjana eftir því sem kostur er.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Óheimilt er að aka yfir gróið svæði.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.
- **Einungis er heimilt að keyra utan vega vegna uppsetningu leikmyndar og flutnings búnaðar, ekki til fólksflutninga.**

Ef umsækjandi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir umsækjanda að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

### **Leyfi landeigenda og sveitarfélags þarf fyrir verkefninu.**

Umhverfisstofnun minnir á að skv. 6. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er öllum skylt að ganga vel um náttúru landsins og sýna ýtrustu varúð þannig að henni verði ekki spillt. Við framkvæmdir, starfsemi, rekstur og önnur umsvif sem áhrif hafa á náttúruna skal gera allt sem með sanngirni má ætlast til svo komið verði í veg fyrir náttúruspjöll.

### **Leyfisgjald:**

Umhverfisstofnun hefur nú innheimt gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku er kr. **83.200**. sbr. 29. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023.

Í gjaldskrá Umhverfisstofnunar er heimild til að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. **41.600**, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast innan fimm virkra daga frá fyrirhugaðri kvikmyndatöku sbr. 4. mgr. 29. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 1410/2023. Umsókn umsækjanda barst innan fimm

virkra daga frá því fyrirhugað verkefni átti að hefjast. Umhverfisstofnun hefur því bætt þessari upphæð við gjaldið og mun því innheimta samtals **124.800 kr.** fyrir vinnu við afgreiðslu leyfisins.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir  
**sviðsstjóri**

Ragnheiður Björk Sigurðardóttir  
**sérfræðingur**